

Fundargerð 7. fundar deildar leiðsögufólks í VR

Fundarstaður og dagsetning: Staðfundur 6. janúar 2026 kl. 13-16.

Mættir: Halldór Kolbeins, Jens Ruminy, Pétur Gauti Valgeirsson, Jón Páll Baldvinsson, Þór Bínó Friðriksson, Bryndís Kristjánsdóttir, Örvar Már Kristjánsson, Björn Júlíus Grímsson, Stefán Sveinbjörnsson og Aðalheiður Rán Þrastardóttir

Næsti fundur: 3. febrúar 2026 kl. 13-16.

Fundarritari: Aðalheiður Rán Þrastardóttir

Málsnúmer í One: 2506279

Halldór Kolbeins, formaður deildar, stýrir fundi og setur fund kl. 13.10.

Ekki hefur náðst í fjallaleiðsögufólk varðandi aðila í stjórn deildar.

Fundargerð 6. Fundar

Engar athugasemdir, send til undirritunar.

Verkefni, staðan

Varðandi mat á því hvort fræðslustofnanir sem kenna leiðsögunám á Íslandi uppfylli IST En 15565:2008 staðalinn sem nefndur er í kjarasamningi þá er búið að taka alla skóla út og þeir stóðust allir.

Næsti stjórnarfundur fer menntamál. Við viljum fá BSI á Íslandi á fundinn til að gera grein fyrir úttektinni, Hauk hjá Hæfnisetri til að skýra fyrir okkur hverju er verið að vinna að ásamt fulltrúum frá öllum fjórum skólunum til að taka umræðu um námið og matið. Um dagsfund yrði að ræða á sama tíma og þessi fundur. Spurning hvort við viljum útbúa vettvang með einhverjum hætti eftir þann fund eða hafa jafnvel opinn fund fyrir okkar félagsfólk. Í kjölfar næsta fundar ættum við að ræða samtal eða kynningu fyrir félagsfólk. Allir skólar fengu einhverjar athugasemdir til breytinga fyrir staðalinn.

Við viljum að menntað leiðsögufólk standi saman, óháð menntastofnun. Það þarf að vera virðing fyrir náminu, t.d. með hærri launum.

Ekki talið tímabært að fá SAF á fund sem þennan en formaður og varaformaður eru í sambandi við aðila þar.

Formaður fór á fund nýlega þar sem í ljós kom að ferðaþjónustan skili um 200 milljörðum í ríkiskassann. Í umræðunni um ferðaþjónustu viljum við að okkar starfsstétt sé töluð upp frekar en niður.

Hafa þarf í huga það auki gæði ferðaþjónustunnar ef gestir landsins fái leiðsögn um landið. Meirihluti gesta ferðast um á bílaleigubílum sem auki álag á innviðina. Fari þau fleiri í hópbílum minnkar það álagið. Breyting hefur verið gerð á einhverjum stöðum þar sem hópbílum hefur verið meinaður aðgangur en fólksbílar megi fara. Vant ökuleiðsögufólk á ekki í vandræðum með að keyra Sprintera þar en ferðafólk á bílaleigubílum festast gjarnan.

Næsti fundur verður dagsfundur 3. febrúar en í lok þess fundar fáum við áður nefnda gesti. Skoða hvort varamenn fái boð á þann fund.

FEG ráðstefnan og mótun starfsleyfis

Björn fór á FEG ráðstefnuna í lok nóvember í Svíþjóð.

Skýrslan er ekki tilbúin en verið að vinna að henni.

Noregur er rétt að byrja með akstursleiðsögn svo kannski ekki vert að líta þangað. Írland og Skotland gætu þó verið eitthvað til að líta til. Það komu þó ekki leiðsögumenn beint þaðan á ráðstefnuna en fengnar voru upplýsingar frá leiðsögumanni frá London. Við virðumst í svolítið sérstakri stöðu hér, hér eru ekki sérstakir minnisverðir, söfn o.þ.h. Við þurfum að skoða lönd með svipaða leiðsögn og við þjóðum upp á og eru okkur nokkuð nærri. Erlendis er það gjarnan svo að leiðsögufólk talar einungis þegar á áfangastað er komið en hér er talað á leiðinni. Stjórnarmeðlimur fór um Bretland með Blue Badge leiðsögumanni og virtist sem sú leiðsögn væri svipuð því sem við gerum hér. Gott að skoða hvaða lönd eru með leiðsögufólk í heilsársstarfi.

Lögverndunin í Portúgal tapaðist á einni nóttu og viðrist sem svo að hún sé að minnka í Evrópu. Við þurfum að skoða aðrar leiðir, s.s. hvort hægt sé að takmarka leiðsögn á ákveðin svæði s.s. þjóðgarða við leiðsögufólk með menntun.

DMC Nordic í DK hefur tekið yfir menntun leiðsögufólks. Áður var þar dýrt nám á háskólastigi sem að lokum lagðist niður. DMC ræður fólk á 40% lægri launum, starfsfólk þar ekki í danska leiðsögumannastéttarfélaginu. Þau vilja sækja á norrænan markað. Eina menntunin í DK er nú í gegnum þetta fyrirtæki.

Guðbjörn, Jens, Björn og Örvar munu móta vinnuna með starfsleyfi. Minnt er á samantektina um starfsleyfi/lögverndun í Evrópu. Markmiðið að klára að koma frá okkur og meta hvernig þetta er erlendis. Sýnt yrði fram á hvernig málum er háttað annars staðar, hver staðan er hér og hvernig við leggjum til að þetta yrði.

Spurning hvaða heimild sveitarfélögin hafa til að heimila/meina aðgang að leiðsögn. Auðveldara með þjóðgarðana þar sem þeir veita starfsleyfi. Erlendis er verið að reyna að vinna gegn free tourisma sem virðist ekki kominn til Íslands og eru þar e-s staðar veitt starfsleyfi innan borga/bæja.

Markmiðið núna er að rýna í það sem gert hefur verið, verið er að gera erlendis og taka það áfram innanhúss. Hvaða breytingar þurfa að verða í stjórnarsýslunni til að koma þessu í gegn, þarf að ræða við sveitarfélög, SAF? Markmið vinnunnar er að við viljum leggjast gegn sjóræningjastarfsemi, gæta öryggis gesta og gæða. Það ætti að vera hagstætt fyrirtækjum innan SAF að óheilbrigð samkeppni hætti.

Stefnumótun stjórnar

ASÍ skýrslan um vinnustaðaeftirlit væntanleg ásamt FEG skýrslu. Ættum að vera komin með einhverja niðurstöðu á næstu vikum. Þyrfti einhver að vera í ritnefnd, leitað svo til VR um hvernig við skipuleggjum almannatengslaferð í kringum það þegar skýrslan kemur út. SAF vill vera í því líka – 10% af þeim sem voru stoppaðir voru ekki með kennitölu á Íslandi. Það þarf að móta hvernig við viljum bregðast við. Samþykkt að Halldór, Þór og Bryndís taki þessa vinnu að sér.

Öll kjaramálin komin inn til VR. Þegar eitthvað kemur upp eins og uppsagnir eða annað sem deildin vill stjál sig um, í hvaða farveg væri best að koma því. Það getur verið erfitt fyrir formann stjórnar sem er ekki er starfandi formaður á launum og er verktaki að tjá sig. Halldór og Þór eiga fund fljótlega með Höllu til að ræða t.d. málefni sem þessi.

Leiðsögufólk finnur fyrir samdrætti. Fyrirtæki eru byrjuð að reyna að ná niður verðum, reyna að fá ódýrara fólk í stað fyrir dýrara fagfólk. Bílastæðagjöld eru að aukast svo verið er að kroppa annars staðar. Spurning hvort VR geti reiknað hvað bílastæði eru að kosta og hvort um hóflega gjaldtöku sé að ræða. Við erum eina rödd gesta okkar og ættum mögulega að gagnrýna gjaldtöku á ferðamannastöðum fyrir þeirra hönd. Stundum ekki hægt að réttlæta ákveðin óskipulögð stopp því það að leggja hópþjónustu getur kostað 10.000 kr. Engin samkeppni er oft á svæðum því það er einn landeigandi og hvergi annars staðar hægt að leggja. Væri hægt að hafa t.d. stjórnuflokkun fyrir bílastæði, einungis má rukka x kr. fyrir stæði þar sem ákveðin vinna fer fram, s.s. ruslatínsla, salerni, starfskraftur á vakt o.fl.

Fræðsla leiðsögufólks. Lagt til að Jón Páll verði með í hópi um fræðslu. Gott ef fræðsla væri í apríl eða maí. Hugmyndir er koma upp eru rokksaga Íslands, Norðurljós, Stjörnu Sævar, jöklar, Ísland í tölulegum upplýsingum. Best að Örvar, Pétur og Jón Páll finna dagsetningar og hugmyndir um hvað skal gert og það sé komið fyrir næsta fund í febrúar.

Á haustin er ferðapjónustudagur SAF, ætti leiðsögufólk að reyna að koma sér að þar. Væri möguleiki í samvinnu við SAF að fá leiðsögumann erlendis frá sem getur miðlað til okkar og ferðapjónustufyrirtækjanna sem hækka standard ferðapjónustu á Íslandi? Samtalið ætti að fara að hefjast, spurning hvað hægt sé að gera, hvernig og hver kostnaðurinn væri. Þetta er dagur sem fréttafólk fylgist með og eðlilegt er að leiðsögufólk sé partur af.

Alþjóðlegi leiðsögumannadagurinn er 21. febrúar. Við viljum kynna okkur á þeim degi. Hugmyndin að t.d. tveir leiðsögumenn taki sig saman og gangi í gegnum t.d. Reykjavík og Akureyri og leiðsegi fólki.

Kannanir meðal félagsmanna. Erum með póstlista fyrir þá sem voru í Leiðsögn. Við þurfum að hafa á hreinu tilgang mögulegrar könnuna, hvað viljum við vita og hvernig nýtum við okkur það? Væri hægt að gera þetta árlega til að kanna stöðu leiðsögufólks, hafa t.d. standard könnun með 2-3 viðbótarspurningum eftir tíðaranda hvers árs. Viljum við vita menntun leiðsögufólks (leiðsögunám og annað), ráðningarfyrikomulag, fyrir hve mörg fyrirtæki vinnur leiðsögufólk, hefur fólk reynt að sækja sér menntun. Fleira leiðsögufólk vinnur að sumri svo fleira félagsfólk í félaginu þá. Þó auðveldara að ná í norðurljósa- og jöklaleiðsögufólk eftir veturinn, tvær á ári? Hugsa fram á næsta fund hvað fólk myndi vilja fá út úr vinnu sem þessari.

Rætt hefur verið við forstöðumann kjaramálasviðs að útbúa plakat með helstu upplýsingum um kjör ásamt QR kóða sem hægt væri að hengja upp á helstu stöðum þar sem leiðsögufólk kemur fyrir. Væri einnig hægt að útbúa „nafnspjald“ sem fólk gæti tekið með sér, með QR kóða?

Hugað að því að útbúinn sé skriflegur verktakasamningur sem verður á touristguide.is leiðsögufólki til leiðbeiningar um hvernig gera skal slíkan samning.

Nýliðun í félagið. Hvernig kynna skólarnir námið sitt? Á fundi í febrúar viljum við koma því á framfæri að við myndum vilja kynna félagið í skólunum, fara að einhverju leyti yfir kjaramál einnig?

Af hverju er nýliðunin í stéttinni svona slæm? Bent á launin, eldra fólk kemur í starf sem er einnig á ellilífeyri. Þurfum við að vera sýnileg í kynningum á námi einhvers staðar? Hvar náum við í leiðsögufólk. Mikil fjarvera frá heimili, ekki fjölskylduvænt, ekki alltaf áreiðanlegt, lélegur veikindaréttur, lögbundnir vikudagar í raun ekki til skv. kjarasamningi í dag. Vinnuverndin, hugað er að stól fyrir bílstjóra en ekki leiðsögumanninn. Ekki er heimilt að kaupa atvinnubíl til landsins sem er ekki með staðlað sæti fyrir bílstóla, á ekki við um leiðsögumanninn. Sætin teljast ólöglegt á ýmsum stöðum.

Önnur mál

Varðandi FB umræðu, Jens dettur aftast á listann og Örvar er næstur. Hefur gengið vel.

Ábendingarhnappur varðandi brot eru á heimasíðu VR, spurning hvort hann geti farið á plakatið með QR kóða?

Hugmyndir um nefndir, plagg sem sett var á stjórnarsíðu. Búið er að setja þar inn ýmislegt.

Norðurlandsnefnd, Austurlandsnefnd.. er hægt að dekkja landsbyggðina? Næðum betra sambandi við fólk úti á landi. Einnig er starfsfólk úti á landi oft að greiða til annarra félaga og taka SGS taxta, sem eru lægri en taxta leiðsögufólks. Öryggisnefnd, aðilar sem finna út hvar hættulegustu staðirnir eru. Nefndarfólk myndi senda áfram á stjórn.

Umræða um jöklaleiðsögn hjá Icelandia og launalækkun. Ef hún var gerð með uppsagnarfresti og ekki lækkað undir lágmarkslaun þá er heimilt að lækka laun með þessum hætti. Fjallaleiðsögufólkið er langt frá og þó að trúnaðarmenn séu hjá Icelandia í bænum þá leita þau ekki þangað.

þarf að skoða hvort skólarnir vilji kenna á ensku. HÍ mögulega tilbúinn að skoða þetta.

Bruninn á rútunni, bílstjóri fær ekki greiddar tryggingar. Skoða hvernig leiðsögufólk getur tryggt sig almennilega.

Ferðamálastofa er að útbúa grunn til að hafa einn skráningaraðila fyrir slys og næstum slys. Leiðsögufólk þarf gjarnan að skrá hjá sínu fyrirtæki eftir hvern dag ef einhver slasaðist í ferðinni. Þessar upplýsingar eflaust ekki tiltækar neins staðar?

Plastskírteinin – stækka ártalið, vilja gælunafn inn því ef leiðsögufólk heitir erfiðum íslenskum nöfnum getur verið erfitt fyrir gestina að bera það fram. Gott að breyta litnum milli ára en þarf s.s. ekki ef ártalið er stærra.

Formaður slítur fundi kl. 16.33.